



Áttthagastofa Snæfellsbæjar

Að efla samfélag nútímans, þekkja sögu fortíðar og byggja upp til framtíðar
– við viljum ekki bara búa í áttthögum okkar – heldur lífa!

Áttthagastofa Snæfellsbæjar var stofnuð árið 2009 og í stýrihóp fyrir hana hafa starfað frá upphafi Margrét Björk Björnsdóttir, Margrét Jónasdóttir, Baldvin Leifur Ívarsson, Sigfús Almarsson og Magnús Þór Jónsson. Sú hugmyndafræði sem liggur að baki Áttthagastofu er að vinna með styrkleika svæðisins til að efla samfélagið sem eina heild þannig að hvert styðji annað. Starfsemi og uppbygging Áttthagastofu lagar sig því að samfélaginu sem starfað er í hverju sinni – þar sem markmiðið er að svara kalli samfélagsins eftir aðstöðu og áherslum um verkefnaval á hverjum tíma. Þannig er hægt að styðja við vilja íbúanna til að byggja upp starfsemi sem eykur lífsgleði og búsetugæði í Snæfellsbæ, - stuðlar að sterkri sjálfsmynd samfélagsins og jákvæðri ímynd Snæfellsbæjar.

Meginmarkmið og tilgangur Áttthagastofu er að:

- Að skapa aðstöðu og aðstæður fyrir íbúa svæðisins til að vinna að uppbyggingu og eflingu mannlífs á svæðinu.
- Að efla samvinnu allra aðila í samfélaginu með virku tengslaneti, gagnvirku upplýsingastreymi og hvatningu.
- Að standa fyrir og stuðla að söfnun, skráningu og miðlun upplýsinga um svæðið, bæði í nútíð og fortíð.
- Að skapa aðstöðu fyrir fólk til að koma saman til að auka þekkingu sína og vinna að uppbyggjandi verkefnum.
- Að veita þeim stuðning og hvatningu sem vilja vinna að uppbyggingu, hvort sem er á atvinnustarfsemi eða öðrum sviðum.

- Að stuðla að verkefnum á svæðinu, sem byggja á arfleifð fortíðar og tækifærum nútíðar, - en horft er til framtíðar – og hvetja til framfara og fólk til dáða.

Átthagastofan og sú starfsemi sem þar er hefur vakið athyggli mar gra, og m.a. hafa önnur sveitarfélög se nt fyrirspurnir og fengið kynningu á starfsseminni. Nokkur dæmi eru um að svipuð starfsemi hefur síðan verið byggð upp, eða starfsemi sem fyrir er hefur verið aðlöguð að fyrirmynd Átthagastofu. Sem dæmi um það má nefna Kjósastofu í Kjós og Menningarmiðstöðina Kvikú í Vestmannaeyjum.

Hvað fer fram í Átthagstofu?

Fjölbreytt verkefni eru unnin innan veggja Átthagastofu, sumt að frumkvæði og í forsjá starfsmanna, en annað á vegum þeirra sem nýta sér aðstöðuna til að vinna að uppbyggjandi verkefnum í samfélaginu. Til að benda á hversu fjölbreytt starfsemin í Átthagastofu er frá degi til dags, má nefna nokkra hópa sem hafa nýtt aðstöðuna; t.d. Fólk sem starfar fyrir Rauða Krossinn og hefur komið saman til að útbúa hjálparpakka ofl. Bútaskaupshópur sem hefur komið reglulega saman til að sauma. Nunnur úr Stykkishólmi sem koma vikulega og bjóða upp á fræðslu fyrir börn af Kaþólskri trú. Nokkrum sinnum hafa verið haldnar listasmiðjur fyrir börn. Einnig ýmsir fundir og vinnusmiðjur um málefni sem varða svæðið s.s. jöfnun húshitunarkostnaðar á köldum svæðum, söfnun og skráning örnefna o.m.fl. Einnig hefur mikill fjöldi námskeiða og fræðslufunda verið í ÁS frá stofnun – bæði á vegum stofunnar, einstaklinga, félaga og svo í gegn um Símenntunarmiðstöð Vesturlands. Starfsfólk Átthagastofu hefur einnig frá upphafi aðstoðað áhugafólk við gerð styrkumsókna, með ágætum árangri og þannig stuðlað að auknu styrkfjármagni til uppbyggjandi verkjefna á svæðinu. Að auki má telja upp langan lista af verkefnum - stórum og smáum, sem unnin hafa verið að frumkvæði Átthagastofu í samstarfi við ýmsa aðila í samfélaginu eða lengra að komna. Það eru t.d. ýmsar sýningar og viðburðir, námskeið, fundir og kynningar sem hafa verið auglýstar í bæjarblaðinu Jökli og víðar, og íbúar í

Snæfellsbæ ættu því að vita um og verður ekki talið nánar upp hér. Öllum er velkomið að koma í Átthagstofu sem sínar hugmyndir og vinna að þeim þar.

Verkefni sem sinnt er af Átthagastofu fyrir Snæfellsbæ

Átthagastofa hefur tekið að sér að sjá um ýmis verkefni fyrir Snæfellsbæ, gegn því að bærinn sér um launagreiðslur í ÁS. Árið 2013 greiddi Snæfellsbær sem nemur 3 stöðugildi til Átthagstofu, sem skiptist í þrjár stöður (37,5% Theódóra Einarsdóttir og tvær 50% stöður, undirrituð og Barbara Fleckinger sem lauk störfum í maí), gegn því að Átthagastofa sér um eftirfarandi verkefni fyrir SNB:



Umsjón með markaðs- og kynningarmálum Snæfellsbæjar

- Tengiliður og samstarfsaðili við Markaðsstofu Vesturlands fyrir Snæfellsbæ.
- Stefnumörkun í markaðsmála fyrir SNB og á Snæfellsnesi í samstarfi við Markaðsstofu Vesturlands og

markaðsfulltrúa annarra sveitafélaga á Snæfellsnesi.

- Samskipti við fjölmiðla (yfirlestur á greinum, svörun vegna auglýsingabeidna ofl.).
- Samskipti við útgefendur ferðabæklinga, ferðahandbóka ofl. (yfirlestur á texta um svæðið, uppl. um þjónustu, svörun auglýsingabeidna ofl.).
- Gerð kynningarefnis og umsjón með auglýsingum í takt við markaðs- og kynningaráætlun.
- Móttaka á hópum og kynning á sveitarfélaginu.
- Árangur af þessu starfi er mikill og fjölpættur þó oft sé hann illmælanlegur.

Upplýsingamiðstöð Snæfellsbæjar í Átthagastofu

- Ráða upplýsingafulltrúa og reka upplýsingamiðstöð fyrir innlenda og erlenda ferðamenn alla daga yfir sumartímann, frá mánaðarmótum maí/júní til september.

- Skráning á fjölda þeirra sem leita í upplýsingamiðstöðina, - erindi þeirra og úrlausnir. Standa skil á þessum skráningum til Hagstofu, auk þess að vinna þjónustugreiningu og annast upplýsingagjöf um þessa þætti til bæjarins og annarra aðila sem áhuga hafa.
- Taka þátt í samstarfi og samráði við þjónustuaðila í bæjarfélaginu og styðja við vinnu vegna sameiginlegrar markaðssetningar Snæfellsbæjar/ Snæfellsness og þjónustuaðila.
- Sinna gestum og veita upplýsingar eins og kostur er á, til þeirra sem koma í Átthagastofu þegar upplýsingamiðstöð er ekki formlega opin (sept. – maí).

Tjaldsvæði Snæfellsbæjar (Hellissandi og Ólafsvík)

- Halda utan um umsjón og rekstur beggja tjaldsvæða.
- Halda utan um öll markaðsog kynningarmál varðandi tjaldsvæðin.
- Koma að samningsgerð vegna aðila s.s. Útilegukortsins.
- Skila skýrslum til Hagstofu um fjölda gistinguátta við tjaldsvæði Snæfellsbæjar (gerð mánaðarlega).

Pakkhúsið – byggðasafn og handverkssala

- Umsjón með Pakkhúsi – byggðasafn.
- Þróun á starfssemi Pakkhúsins.
- Umsjón með opnun húsins á sumartíma, um jól og öðrum dögum eftir samkomulagi.
- Umsjón og utanumhald um handverkshóp sem starfar í Pakkhúsi yfir sumartímann.

Átthagastofa fór í samstarf við Háskóla Íslands, safnadeild árið 2012. Markmið þess verkefnis var að skoða stjórnun og starfssemi Pakkhúsins. Eftir þá vinnu liggur skýrsla með tillögum um framtíðarstarfsemi Pakkhúsins og mun Átthagastofa í samstarfi við Snæfellsbæ og Pakkhúsnefndina vinna nánar úr þeim gögnum. Frá því að Átthagstofu tók við umsjón Pakkhúsins árið 2011 hefur starfsemin aukist til muna og opnunartími verið lengdur talsvert yfir sumartímann. Auk þess sem opnað er á adventu og öðrum tímum. Einnig hefur áhersla verið lögð á að opna húsið fyrir íbúum með því að standa fyrir ýmsum

uppákomum í húsinu, t.d. að endurvekja gamlar hefðir með öskupokagerð á páskaföstudni og bjóða gömlu jólasveinunum í heimsókn á aðventunni. Þá var hóað saman í formlegan handshóp heimafólks fyrsta sumarið sem umsjón Pakkhúsins var í höndum Átthagstofu. Þessi hópur hefur síðan verið með handverkssölu í Pakkhúsinu á sumrin, sem allir getaverið stoltir af. Allt utanumhald varðandi handsverkshópin er í höndum Átthagstofu og er það gert með bros á vör enda afskaplega vel heppnað og skemmtilegur hópur sem hefur fært Pakkhúsinu mikið líf og gert ferðamönnum kleift að hitta íbúa í Snæfellsbæ og kaupa af þeim vörur milliliða laust – sem mörgum ferðamönnum finnst mjög eftirsóknarvert - og láta jafnvel taka mynd af sér í finni lopapeysu með þeim sem á heiðurinn af að hafa þrjónað hana.

Umsjón og utanumhald vegna fjarfundabúnaðar

Í Átthagstofu er staðsettur fjarfundabúnaður sem áður var vistaður innan veggja grunnskólans. Búnaðurinn var fluttur í Átthagstofu til þess að auka aðgengi að honum m.a. fyrir fjarnema við háskóla ofl., en starfsmenn grunnskólans og FSSF nota einnig búnaðinn.

Starfsstöð SSV þróun og ráðgjöf

SSV þróun og ráðgjöf hefur einnig aðstöðu í Átthagastofu fyrir sinn starfsmann á Snæfellsnesi. En það sveitarfélag á Snæfellsnesi sem viðkomandi starfsmaður er búsettur í – er skuldbundið til að útvega viðkomandi starfsmanni vinnuástöðu. Atvinnuráðgjafi SSV þ & r hefur því reglulega viðveru í Átthagastofu og er einnig til viðtals þar þegar þörf er á og kallað er eftir. Starfsstöð Símenntunarmiðstöðvarinnar fyrir Snæfellsnes Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi hefur haft starfsstöð í Átthagastofu undanfarin ár, eða síðan undirrituð var ráðin sem starfsmaður í 50% stöðugildi hjá SMV og hefur sinnt því starfi samhliða verkefnisstjórn í ÁS þar til 1.maí 2014. Staðan var svo auglýst í vetur og Helga Lind Hjartardóttir var ráðin í stöðuna, - og mun hún einnig hafa starfsstöð í Átthagastofu. Starfssemi SMV hefur stóreflst á Snæfellsnesi frá því opnuð var starfsstöð í Átthagastofu og þjónustan aukist til muna við íbúa svæðisins (s.s. fjarnema).

Símenntunarmiðstöðin borgar leigu fyrir starfsaðstöðina og auk þess er borguð leiga fyrir húsnæðið þegar námskeið eða annað á þeirra vegum fer fram innan veggja Átthagastofu.

Lokaorð

Það skal tekið fram að þessi upptalning er svo sannarlega ekki tæmandi og má segja að starfsmenn Átthagastofu hafa haft í nógu að snúast og gert það með brosi á vör, enda markmið starfsins að efla og bæta samfélagið. En umfram allt þá er ég ávallt reiðbúin til að veita allar þærupplýsingar sem ég mögulega get og það er alltaf heitt á könnunni hjá okkur í Átthagastofu – vertu velkomin(n) til okkar!

Kristín Björg Árnadóttir